

Ed.

797. Frumvarp til laga

[307. mál]

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

Markmið.

1. gr.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands (M.H.Í.) skal vera fræðslustofnun er veitir þekkingu og þjálfun í hverskonar myndlista-, listiðna- og myndmenntagreinum.

M.H.Í. skal leitast við að glæða með nemendum listræn viðhorf og vinnubrögð, efla með heim síðlfstæði og samfélagsþroska, skyldurækni og alúð í starfi.

Jafnframt skal M.H.Í. beita sér fyrir almennri fræðslu, tilraunum og rannsókn-um á sviði myndlista, listiðna og myndmennta.

M.H.Í. skal hafa samráð og samstarf við þá skóla landsins, er veita menntun í greinum er skara námsefni M.H.Í. til þess að nýta sem best þann tækjakost og kennslukraft sem fyrir eru í landinu.

Deildaskipan og námstími.

2. gr.

Í M.H.Í. skulu vera þessar deildir:
Myndlistadeild.
Listiðna- og iðnhönnunardeild.
Myndmenntadeild.
Listfræðsludeild.

3. gr.

M.H.Í. er heimilt að starfrækja undirbúningsdeild í myndlist og listiðn, þar til öðru vísi verður ákveðið.

4. gr.

Myndlistadeild skiptist í eftirfarandi skorir:
Málunarskor.
Mótunarskor.
Grafíkskor.
Myndvefnaðarskor.
Veggmyndaskor.
Nýlistaskor.

5. gr.

Listiðna- og iðnhönnunardeild skiptist í eftirfarandi skorir:
Auglýsingaskor.
Leirsmíðaskor (keramikskor).
Veftaskor (textilskor).

Svo fljótt sem aðstæður leyfa skal stefnt að því að koma á fót eftirtöldum skorum:
Fatahönnunarskor.
Húsgagnaskor.
Málmsmíðaskor.
Leikmyndaskor.
Ljósmyndaskor.
Iðnhönnunarskor.

6. gr.

Listfræðsludeild skiptist í eftirfarandi skorir:
Barna- og unglingskor.
Fullorðinsskor.
Fræðsluskor fyrir starfandi mynlista- og listiðnaðamenn.
Í listfræðsludeild fer námið fram í styttri áföngum, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

7. gr.

Námið í myndlistadeild, listiðna- og iðnhönnunardeild tekur þrjú ár. Nemandi getur síðan, ef hann óskar þess, valið sér framhaldsnám í sérgrein sinni og tekur það eitt ár.

Námið í myndmenntadeild tekur eitt ár og veitir rétt til kennslu í myndlistagreinum við hinn samræmda framhaldsskóla (sjá gr. 19, 4.a.). Menntamálaráðuneytið getur falið myndmenntadeild að annast kennslu í sérgreinum myndmennta fyrir nemendur K.H.Í. sem valið hafa þær greinar.

Námið í undirbúningsdeild tekur hið minnsta eitt ár.

Að hverjum námsáfangi loknum fær nemandi vitnisburð er segir til um hvort hann hafi staðist lágmarkskröfur þær er M.H.Í. gerir til námsárangurs.

8. gr.

Í öllum skorum mynlistadeildar skulu þessar kennslugreinar vera sameiginlegar: teiknun, myndbygging, form- og litfræði, listasaga, listsálfræði og listheimspeki.

9. gr.

Helstu kennslugreinar í skorum myndlistadeildar skulu vera þessar:

Í **málunarskor** oliu- og vatnslitamálan, myndgerðartækni og efnisfræði.

Í **mótunarskor** þrívíddarmótun hvers konar, mótunartækni, steypa, logsuða, járn- og trésmíði og efnisfræði.

Í **grafíkskor** háþrykk, lágþrykk, djúpþrykk, þrykkatækni og efnisfræði.

Í **myndvefnaðarskor** myndvefnaður, efnisfræði og aðferðarfræði.

Í **veggmyndaskor** veggmyndagerð hvers konar og sú tækni er slíkri myndgerð fylgir.

Í **nýlistaskor** skal einkum sinnt þeim kennslugreinum í myndlist, sem ekki falla að hinni hefðbundnu skiptingu hér að framan. Jafnframt skal leitast við að kynna nýjar túlkunarleiðir og þau viðhorf sem efst eru á baugi hverju sinni.

10. gr.

Í öllum skorum listiðna- og iðnhönnunardeildar skulu þessar greinar vera sameiginlegar: teiknun, málun, mótun, listasaga, fagsaga, bókfærsla og áætlanagerð.

11. gr.

Helstu kennslugreinar í skorum listiðna- og iðnhönnunardeildar skulu vera þessar:

Í **auglýsingaskor** letrun (skrift og stafagerð) gerð auglýsinga, merkja, veggspjalda og umbúða, bókagerð og lýsing bóka, grafík og prenttækni, uppsetning sýninga, markaðs- og auglýsingafræði og ljósmyndun.

Í **veftaskor** (textílskor) vefnaður, vefprent, þrjón, hnýting, spuni, saumur, litun, mynsturteiknun, vefnaðar-, efnis- og vefjarefnafræði.

Í **leirsmíðaskor** (keramikskor) leirmótun, rennsla, steypa, brennsla, mynstur- og skreytiteiknun, fagteiknun, glerjunargerð og efnis- og efnafræði greinarinnar.

12. gr.

Helstu kennslugreinar í myndmenntadeild skulu vera þessar: teiknun, málun, mótun, grafík, lit- og formfræði, undirstöðnatríði byggingarlistar, kvikmyndunar og sjónvarpsmyndagerðar, listasaga, kennslufræði myndmenntagreinanna og kennsluæfingar.

13. gr.

Helstu kennslugreinar í undirbúningsdeild skulu vera teiknun, málun, myndmótun, grafík, lit- og formfræði, myndbygging, myndgreining, anatómía, letrun og listasaga.

14. gr.

Í skorum listfræðsludeildar skal fólki á öllum aldri gefinn kostur á almenntri myndlista- og listiðnakennslu í formi lengri eða styttri námskeiða.

Auk þess er listfræðsludeild heimilt að annast námskeið fyrir starfandi myndlista- og listiðnaðarmenn í sérgreinum þeirra þegar henta þykir.

15. gr.

Auk þeirra greina, sem taldar eru upp hér að framan, skal gefa rúm í stundaskrá í öllum deildum skólans fyrir eftirfarandi: vettvangsfræðslu, námsferðir, þar með taldar ferðir á söfn og sýningar, umræður og sjálfvalið efni.

16. gr.

Heimilt er að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

17. gr.

Árlegur starfstími M.H.Í. skal vera 9 mánuðir.

Inntaka nemenda.

18. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

19. gr.

Inntökuskilyrði í M.H.Í. skulu vera þessi:

1. Umsækjandi skal hafa lokið námi á myndlistabraut hins samræmda framhaldsskóla, eða stundað hið minnsta tveggja ára nám í hinum samræmda framhaldsskóla og lokið ákveðnum fjölda námseininga í myndlistagreinum sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.
2. Umsækjandi skal hafa lokið námi í undirbúningsdeild M.H.Í., enda hafi hann lokið tilskildu námi á almennu bóknámssviði í hinum samræmda framhaldsskóla.
3. Hver sá er sækja vill um skólavist í M.H.Í. og fellur ekki undir 1. og 2. tölulið en er fullra 20 ára er heimilt að þreyta inntökupróf, þar sem kannaðir eru hæfileikar hans og þroski á myndlistarsviði og hvort almenn menntun hans svari kröfum skólans.
4. Þeir sem sækja vilja um inngöngu í myndmenntadeild skulu hafa:
 - a. lokið námi við Kennaraháskóla Íslands með valgrein í mynd- og handmennt eða
 - b. lokið námi við M.H.Í. í mynlista- eða listiðnadeildum og hafi auk þess tilskilið nám í uppeldisskor frá K.H.Í. enda þurfa þeir ekki að taka þær greinar myndmenntadeild er þeir hafa þegar lokið námi í.

Stjórn skólans.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með æðstu stjórn skólans.

21. gr.

Skólastjóri er yfirmaður skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart einstaklingum og stofnunum. Hann annast almennt eftirlit með daglegum rekstri skólans og vinnur sérstaklega að stefnumótun í málnefnum hans.

Menntamálaráðherra skipar skólastjóra til fjögurra ára í senn, að fengnum tilögum skólaráðs. Heimilt er að endurskipa skólastjóra einu sinni án lotuskila.

22. gr.

Stjórn skólans er falin skólastjóra og skólaráði. Í skólaráði eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara og þrír fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði. Skólastjóri er í forsæti á fundum skólaráðs. Skólaráð skal halda fundargerðarbók og kys sér ritara. Á fundum skólaráðs verður ályktun því aðeins gild að tveir þriðju hlutar sæki fund hið fæsta. Á fundi skólaráðs ræður afl atkvæða. Ef atkvæði verða jöfn, sker atkvæði skólastjóra úr. Rísi ágreiningur um það, hvort tilteknu máli skuli ráðið til lykta af skólaráði eða skólastjóra, sker menntamálaráðuneytið úr.

23. gr.

Hlutverk skólaráðs skal einkum vera:

- a. að vera skólastjóra til ráðuneytis um daglegan rekstur skólans.
- b. að hafa eftirlit með því ásamt skólastjóra að reglur skólans séu haldnar.
- c. að annast ásamt skólastjóra skipulag kennslu og hafa forgöngu um nýjungar í skólastarfi.
- d. að halda uppi tengslum við samtök myndlista- og listiðnamanna í því augnamiði að skapa gagnkvæman skilning milli M.H.Í. og starfandi myndlista- og listiðnamanna.

24. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra, fasta kennara svo og annað fastráðið starfsfólk samkv. 27. gr. að fengnum tillögum skólaráðs.

25. gr.

Til þess að hljóta skipun sem kennari við skólann skal umsækjandi fullnægja þeim kröfum, sem lög og reglugerðir kveða á um.

26. gr.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað lausráðið starfslið skólans í samráði við skólaráð.

27. gr.

M.H.Í. skal auk skólastjóra og kennara vera búinn því starfsliði er hér segir:

1. Aðstoðarskólastjóri skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
 2. Deildarstjórar skulu hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum einstakra deilda skólans.
 3. Námsráðunautur liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda.
 4. Félagsmálaráðunautur er nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hefur umsjón þeirra.
 5. Bókavörður hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsal.
 6. Skólaritari aðstoðar skólastjóra og/eða aðstoðarskólastjóra við daglegan rekstur skólans. Honum skal fengin aðstoð eftir því sem þarfir skólans krefjast og fé verður veitt til.
 7. Húsvörður skal hafa umsjón með húsnæði skólans, húsmunum og tækjum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
- Starfsmenn þeir, sem taldir eru upp í 1. og 4. lið, mega allir vera úr hópi kennara og má fela sama starfsmanni fleira en eitt starf, ef henta þykir.

Nemendaráð.

28. gr.

Innan M.H.Í. skal starfa nemendaráð. Tilgangur þess er að:

- a. Hvetja nemendur til ábyrgðar afstöðu til skólans, listar og þjóðfélags.
 - b. Efla félagsþroska og félagslíf innan skólans.
 - c. Vera skólastjóra og skólastjórn til ráðuneytis í málefnum er skólann varða.
- Kjósa skal í nemendaráð eftir ákvæðum er nánar verður kveðið á um í reglugerð. Nemendaráð setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Skulu þær háðar samþykki meirihluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Kostnaður o. fl.

29. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

30. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 29. apríl 1965.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 27. maí 1970 skipaði þáverandi menntamálaráðherra Gylfi P. Gíslason nefnd til þess að endurskoða lög frá 29. apríl 1965 um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Í nefndinni áttu í upphafi sæti Hörður Ágústsson formaður, Bragi Ásgeirsson og Knútur Hallsson. Í nefndina bættist 15. september 1971 Jónas B. Jónsson. Knútur Hallsson baðst lausnar 10. júní 1975. Í hans stað var Stefán Ólafur Jónsson skipaður 9. júlí 1976. Nefnd þessi hefur nú lokið störfum og samið frumvarp til laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands ásamt greinargerð.

Frumvarpið ásamt greinargerð er lagt fram með lítilsháttar orðalagsbreytingu.

Myndlista- og listiðnakennsla hefur að sjálfsögðu farið fram með ýmsu móti í tímans rás. Í stórum dráttum dregið má þó skipa sögu hennar í Vestur-Evrópu a. m. k. í tvö meginkeið, í tímabil verkstæðiskennslu og tímabil skólakennslu. Allt fram á 17. og 18. öld voru ungmenni send í verkstæði meistara, hygðu þau á listnám. Með breyttum framleiðsluháttum og í kjölfar iðnhyltingar færðist myndlista- og listiðnakennslan af verkstæðisvettvangi í nýstofnaða fagurlista- og listiðnaskóla. Þróun þessi mun hafa tekið tvær aldir. Hún hefst með stofnun fagurlistaskólans franska á miðri 17. öld og endar með stofnun listiðnaskóla víða um Evrópu á ofanverðri 19. öld. Greiningin í fagurlistir og nytjalistir kemur einmitt fram í þessu tímasteiði. Á miðöldum til dæmis að taka var steinsmiður og húsameistari einn og sami maður eða gullsmiður og myndhöggvari. Á Íslandi ríkti andi miðalda alveg fram á síðustu öld. Seytjándualdarmaðurinn Guðmundur Guðmundsson frá Bjarnastaðahlíð gerði hvort tveggja að smíða dómkirkju og höggva út skírnarsá. Ámundi smiður Jónsson, sem lifði fram á 19. öld, var allt í senn húsameistari, tréskurðarmaður og málari.

Á Íslandi hefur verkstæðis- eða vettvangskennsla ríkt fram á þessa öld og gera má ráð fyrir að hún hafi að mestu farið fram hérlendis. Hins vegar hefur ávallt eitt og eitt stórhuga listmannsefni sótt frekari menntun á erlenda grund. Við höfum spurnir af þeim í Noregi, Englandi, Þýskalandi og Danmörku.

Þegar þjóðin tekur að rétta úr hinum efnahagslega kút á ofanverðri 19. öld gerist það æ tíðar að myndlista- og listiðnamenn sækir menntun sína til Kaupmannahafnar, sem raunar varð höfuðsetur Íslendinga í listuppeldismálum alveg fram undir 1939.

Þrátt fyrir þetta útstreymi listelskrar æsku bar fljótt á tilraunum til stofnunar listaskóla þótt í smáum stíl væri. Þorsteinn Guðmundsson, sem numið hafði málara- list í fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn, auglýsir í tímaritinu „Bóndi“ árið 1851 kennslu í „uppdráttarlist“ og eitthvað mun Torfhildur Hólm og Benedikt Gröndal hafa sagt til í teikningu. Engin mörk hefur þessi visir að myndlistarkennslu skilið eftir sig svo vitað sé. Annað má segja um framtak Stefáns Eiríkssonar myndskera, sem fyrstur hélt kvöldskóla í teikningu. Í skjóli Stefáns hófu ýmsir af merkustu listamönnum þessarar aldar listferil sinn. Með stofnun Iðnskólans í Reykjavík bættist teiknikennslu góður liðsauki einnig.

Fyrsta tilraun til stofnunar eiginlegs listaskóla var gerð árið 1921 og frumkvæðið átti hinn góðkunnir listamaður Guðmundur Thorsteinsson. Ekki mun sú tilraun hafa staðið nema einn vetur. Þar hleyptu þó heimdraganum þrír ungir menn, sem seinna áttu eftir að verða víðkunnir, þeir Gunnlaugur Scheving, Jón Engilberts og Sveinn Þórarinnsson. Nú varð hlé um hríð, en á fjórða áratug þessarar aldar voru stofnsettir og starfræktir tveir kvöldskólar í teiknun og málun. Annars vegar skóli þeirra Björns Björnssonar gullsmíðs og Marteins Guðmundssonar myndhöggvara, hins vegar skóli Finns Jónssonar og Jóhanns Briem, sem báðir eru kunnir listmálarar.

Árið 1939 skall heimsstyrjöldin á og ári síðar var Ísland hernumið. Þar með rofnuðu þau tengsl, er verið höfðu milli Íslands og Danmerkur í aldaraðir, í myndlist og listiðnaði eins og svo mörgu öðru. Þessi misseri lokaðist inni á lítlegur hópur ungs fólks, sem hug hafði á listnámi erlendis. Gera má ráð fyrir að sögulegra raka fyrir stofnun M.H.Í. sé einmitt að leita í því ástandi er við þessar aðstæður skapaðist. Hvort sem sú tilgáta er röng eða rétt er raunin sú að Lúðvíg Guðmundsson stofnaði M.H.Í. árið 1939 og hét skólinn í upphafi Handíðaskólinn.

Tilgangur með stofnun skólans var að efla og bæta hvers konar verkmennt og efla skilning manna á uppeldislegrri þýðingu myndlista og listiðna. Smíðakennara-deild mun hafa verið starfrækt strax fyrsta árið. Auk þess voru rekin kvöldnámskeið í teiknun og málun, enda var skólinn fyrstu tvö árin kvöldskóli. Árið 1941 voru stofnaðar myndlistadeild og teiknikennaradeild og skólinn gerður að dagskóla. Aukið var við hvers konar námskeiðshaldi.

Lúðvíg Guðmundsson rak Handiðaskólann fyrstu tvö árin sem einkaskóla, en árið 1942 varð hann að sjálfseignarstofnun. Að hinu nýja skólafélagi stóðu ásamt Lúðvíg átta skólastjórar og sjö aðrir áhugamenn um listir og verkmennt. Nú var nafni skólans breytt og hét hann næstu árin Handiða- og myndlistaskólinn. Árið 1947 var stofnuð handavinnudeild kvenna og 1956 var sett reglugerð fyrir listiðnadeildir, sem var upphaf að listiðnadeild skólans. Árið 1959 var stofnuð enn ein deild við skólann fyrir verðandi vefnaðarkennara. Þess ber þó að geta, að á árinu 1951 varð sú breyting á rekstri kennaradeildanna, að tvær þeirra, smíðakennaradeildin og handavinnudeild kvenna, voru sameinaðar Kennaraskóla Íslands.

Árið 1969 var stofnuð keramikdeild og 1970 textíldéild, en auglýsingadeild hafði verið starfrækt frá árinu 1962.

Öll starfsárin hefur skólinn rekið umfangsmikla fræðslustarfsemi í búningi námskeiða, þar sem kennt hefur verið teiknun, málun, vefnaður af ýmsu tagi, vefþrykk, bókbönd, leirkerasmið, fjarvíddarteiknun, letrun, grafík, tréskurður o. fl. svo að eitthvað sé nefnt.

Við skólann hefur kennt fjöldi af fremstu myndlista-, listiðna- og handiðakennurum landsins.

Árið 1961 lét Lúðvíg Guðmundsson af störfum sem skólastjóri, en við tók Kurt Zier, en sá síðarnefndi hafði verið yfirkennari skólans fyrstu tíu árin í sögu hans. Kurt Zier setti á laggirnar forskólann árið 1962 og lengdi þar með námið úr tveimur árum upp í fjögur. Skólanum voru sett lög árið 1965, þar sem hann var felldur inn í skólakerfi íslenska ríkisins og laut nú yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, enda þótt Reykjavíkurborg greiddi tæplega helming kostnaðar við rekstur hans. Nafni skólans var enn breytt og hét nú Myndlista- og handiðaskóli Íslands. Kurt Zier lét af embætti árið 1968, en við skólastjórn tók Hörður Ágústsson og gegndi henni til 31. ágúst 1973 er honum var veitt launalaust leyfi og lausn úr starfi frá 31. ágúst 1976 að telja.

Skólaárin 1973—74 og 1974—75 gegndi Gísli B. Björnsson skólastjórn og Hildur Hákonardóttir skólaárið 1975—76 og síðan.

Við skólann starfa nú auk skólastjóra 9 fastir kennarar og 8 stundakennarar.

Skólinn er til húsa í Skipholti 1.

II.

Viðast hvar erlendis hafa myndlistir og listiðnir til skamms tíma átt sér sína skóla. Þannig er málun, mótun og grafík kennd í svonefndum fagurlistaháskólum, akademíum, en listiðnir hvers konar eins og t. d. auglýsingateiknun, keramik, textill, húsgagna- og fatahönnun, málmsmið hvers konar, ljósmyndun, leikmyndagerð og iðhönnun kenndar á listiðnaskólum nefndir á þjóðtungum nággranna okkar kunsthánderkerskoler, kunstgeherbeschüler, arts and crafts schools og ecoles des arts decorative svo nokkur dæmi séu nefnd frá Norðurlöndum, Þýkalandi, Englandi og Frakklandi. Aðstæður á Íslandi hafa hins vegar ráðið því að þessar greinar hafa safnast undir einn hatt. Í landi eins og okkar, þar sem listmenntafræðsla hefur vart slitið barnsskónum, verður að telja æskilegt að hafa mjög nána samvinnu milli hinna ýmsu greina listfræðslunnar. Á síðari tímum hafa reyndari erlendir listskólamenn bent á kosti slíkrar samvinnu og hvatt til hennar. Í svo fámennu landi sem Íslandi verður að telja skaðlegt að dreifa þeim kröftum um of, er vinna að listuppeldi. Það er líka þjóðhagsleg nauðsyn og fyrirbyggja að nýta sem best húsnæði, tæki og kennslukrafta. Samvinna myndlista- og listiðnagreina eykur bæði skilning nemenda og kennara á því að í raun er öll sjónlist af sömu rót. Mörgum finnst nú að þau skil er mynd-

uðust á milli svokallaðra fagur- og nytjalista séu ekki svo mikil sem 18. og 19. aldar menn vildu vera láta. Reynslan af þessari samvinnu milli listgreina hefur gefið góða raun innan M. H. Í. og í þessu frumvarpi er fyrri stefnu haldið.

Myndlistadeild M. H. Í. hefur alla tíð gegnt mjög mikilvægu hlutverki innan skólans enda þótt fámenni hafi verið á stundum. Þar hafa flestir þeir myndlistamenn, er sett hafa svip á íslenska myndlist síðan eftir stríðslok, fetað sín fyrstu spor á listabraitinni. Seinustu árin hefur hins vegar aðsókn að deildinni vaxið mjög og með betri aðbúnaði ætti hún í framtíðinni að geta slagað hátt í erlenda fagurlistaháskóla.

Listiðnadeildir M. H. Í. eiga sér ekki eins langa sögu og myndlistadeildin og sumar hverjar eru nánast enn í mótun. Langelst er auglýsingadeild, sem stofnuð var árið 1961. Vöxtur og viðgangur þessarar deildar hefur þegar markað drjúg spor í listmenntasögu þjóðarinnar og sýnir hvers er að vænta ef fleiri slíkar listiðnakennslugreinar fengju að dafna við M. H. Í. Óhætt mun að fullyrða að umtalsverð breyting hafi orðið á sviði bókagerðar, auglýsinga og umbúða á því skeiði er auglýsingadeild M. H. Í. hefur starfað. Flestir þeir er að hafa unnið fengu meginhluta menntunar sinnar við M. H. Í.

Enn sér ekki fyrir áhrif þau er keramik- og textídeildir munu hafa, þær hafa starfað svo skamman tíma. Áhrifa er þó þegar farið að gæta og sáust þau m. a. á hinni miklu listiðnasýningu, sem haldin var í tilefni seinustu listahátíðar, og á textíltrianalnuum í Kjarvalsstöðum nú í vetur.

Enn skortir þó mjög á að M. H. Í. sinni öllum greinum listiðna. Að margra dómi stendur það íslenskum listiðnaði fyrir þrífum að eiga ekki vöi á fleira sérmenntuðu fólki. Ætti íslenskur iðnaður að standast erlenda samkeppni, verður hann m. a. að taka æ meir í þjónustu sína listiðnaðarmenn. Hér er einkum átt við ullar- og fataiðnað en benda má á húsgagnaiðnaðinn og hvers konar iðnhönnun. Það er því brýnt að komið verði sem fyrst á fót kennsluáðstöðu í fleiri greinum listiðna en nú er við M. H. Í.

Kennaradeildir M. H. Í. eiga sér langa sögu við skólann, einkum þó teiknikennaradeildin. Hún hefur ávallt verið ein af kjölfestum M. H. Í. Við hana hafa löngum starfað brautryðjendur í teiknikennslu hérlendis og þaðan hafa vel flestir teiknikennarar sótt menntun sína. Óhætt mun að fullyrða að með tilkomu hennar hafi orðið straumhvörf í teiknikennslu hérlendis.

Vefnaðarkennaradeildin gegndi mjög mikilvægu hlutverki á sínum tíma, en vegna hnignunar húsmæðraskóla hefur heldur dofnað yfir aðsókn í þá deild. Hins vegar var mjög mikilvægt að eiga að starfsreynslu hennar og tækjakost, þegar textíleild var stofnuð á sínum tíma.

Eins og áður segir var starfrækt smíðakennaradeild og handavinnudeild kvenna við skólann um langan tíma. Klofningur sá er varð í myndiðakennslu árið 1951 var mjög umdeildur á sínum tíma. Myndiðagreinarnar eiga það mikið sameiginlegt að þær vinna betur saman en í sitt hvoru lagi. Um það hafa staðið deilur hvar sú sameiginlega kennsla ætti að fara fram. Menn hafa í því sambandi haft uppi þrenns konar sjónarmið. Í fyrsta lagi eru þeir, sem telja slíkri kennslu best borgið innan M.H.Í. Í öðru lagi eru aðrir, sem vilja þá sömu kennslu innan Kennaraháskóla Íslands. Í þriðja lagi er svo sá hópur er stofna vill sérstaka skóla um myndiðaðfræðin. Í frumvarpi til laga um K.H.Í., sem lagt hefur verið fram á Alþingi er gert ráð fyrir að kennsla í myndiðum, sem þar er nefnd mynd- og handmennt, verði alfarið við K.H.Í. Rökin eru þau m. a. að best hæfi að öll menntun kennaraefna grunnskólans fari fram á einum stað. Þessi mun og vera vilji ráðuneytisins og mikils hluta grunnskólakennara. Í þessu frumvarpi er því gert ráð fyrir að teiknikennara- og vefnaðarkennaramenntunin verði lögð niður við M.H.Í. en fari í þess stað fram við K.H.Í.

Námskeiðahald hvers konar í myndlist-, listiðnum og handiðum hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í starfi M.H.Í. Þar hefur fólki á öllum aldri gefist kostur á þroskandi tólmstundaiðju, um leið og það hefur getað þroskað listrænan smekk sinn. Námskeiðin hafa og undirbúið margan til náms í dagdeildum M.H.Í. og hjálpað öðrum sem farið hafa erlendis til náms í myndlist og byggingarlist. Í frumvarpi þessu er sú stefna sem skólinn hefur markað enn sú sama.

III.

Helstu nýmæli í frumvarpi því sem hér liggur fyrir eru þessi:

1. Gert er ráð fyrir að sú undirbúningsmenntun í sjónlistum, sem forskóli M.H.Í. hefur annast, verði í framtíðinni falin hinum samræmda framhaldsskóla. Af því leiðir m. a. að M.H.Í. mun fyrst og fremst annast framhaldsmenntun í myndlistagreinum.
2. Á meðan hinn samræmdi framhaldsskóli er ekki að fullu kominn í gagnið, er áætlað að M.H.Í. sé heimilt að reka undirbúningsdeild fyrir þá nemendur framhaldsskólans, sem ekki eiga kost á myndlistarbraut, en hafi að öðru leyti lokið tilskildu námi á bóknámssviði.
3. Ráðgert er að setja á laggirnar myndmenntadeild er annist menntun þeirra er hyggja á kennslu í myndmenntun við hinn samræmda framhaldsskóla.
4. Stefnt er að því að K.H.Í. annist í framtíðinni myndmenntakennslu fyrir verðandi grunnskólakenara. Á meðan K.H.Í. hefur ekki húsrými fyrir slíka kennslu er lagt til að M.H.Í. annist sérgreinamenntunina en uppeldis- og kennslufræðin komi alfarið í hlut K.H.Í.
5. Námið í myndlista- og listiðnadeildum lengist úr tveimur í þrjú til fjögur ár.
6. Kveðið er nánar á um stjórn skólans og starfslið.
7. Gert er ráð fyrir að innan M.H.Í. starfi nemendaráð sem taki m. a. þátt í stjórn skólans.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Nafn skólans.

Um nafngiftina fór fram nokkur umræða í nefndinni. Til greina komu nöfn á borð við Myndlistaskóli Íslands og Listaskóli Íslands. Orðið „listaskóli“ þótti of almenns eðlis, gat eins merkt tónlistar- eða leiklistarskóla eins og myndlistaskóla. Orðið „myndlistaskóli“ þótti hins vegar of þröngt þar sem annar meginþáttur M.H.Í. er ofinn úr listiðnum eða handiðum. Að visu þykir nafn skólans nokkuð óþjált í munni, en þar sem ekkert betra var tiltækt þótti rétt að halda fyrri nafngift.

Markmið.

Í 1. gr. sést strax í upphafi að M.H.Í. er ofinn úr þrem meginþáttum. Hann gegnir hlutverki fagurlistaskóla, listiðnaskóla og kennaraskóla. Honum er ætlað að vera æðsta menntastofnun hérlendis í sjónlistum, ef undan er skilin byggingarlist. Lögð er og áhersla á samstarf og samvinnu við þær menntastofnanir sem að einhverju leyti skara starfssvið M.H.Í. Hér er átt við Háskóla Íslands og þá haft í huga að þar verði innan skamms tíma hafin fræðsla í listasögu. Átt er við iðnskóla og Tækniskóla Íslands, þangað sem listiðnamenn geta sótt marga gagnlega hluti og síðast en ekki síst Kennaraháskóla Íslands, þar sem stofnun myndmenntadeildar innan M.H.Í. krefst mjög náinnar samvinnu milli skólanna.

Deildaskipan og námstími.

Myndlistadeild heldur fyrri nafni. Hins vegar er nafn listiðnadeildar lengt á listiðna- og iðnhönnunardeild. Þetta er gert m. a. til þess að leggja áherslu á að M.H.Í. sinni þeim þætti listiðnar, sem að fjöldaframleiðslu snýr.

Með orðinu myndmenntadeild er átt við, að þar verði sinnt fræðslu um myndina sem svo mjög hefur aukið svigrúm sitt í nútíma þjóðfélagi, ekki einungis hina listrænu mynd heldur og þær myndir sem móta hug okkar nútímamanna á vegum fjölmiðla. Það er og falið í þessu orði að nemendur, er í þessa deild sækja menntun sína, séu færir um að miðla myndlistarfræðslu á framhaldsskólastigi.

Listfræðsludeild er ætlað að annast hina almennu fræðslu í formi námskeiða þar sem fólk á öllum aldri geti sótt þekkingu á myndlist og listiðnum án þess að til þess séu gerðar sérfræðikröfur.

Í 3. gr. er kveðið á um heimild til að reka undirbúningsdeild meðan hinn samræmði framhaldsskóli getur ekki að fullu sinnt skyldum sínum á listasviði. Hins vegar er gert ráð fyrir að þessi deild hverfi með tímanum.

Um 4., 5. og 6. gr. er þetta að segja. Hver deild greinist í skorir. Nafnið skor hefur verið notað til samræmis við notkun þess við H.Í. og K.H.Í.

Í myndlistadeild eru að heita sömu skorir og fyrir eru í skólanum nú og samkvæmt lögum hans frá árinu 1965, að því undanskildu að nafngiftin er önnur þá en nú og lagt er til að tveim nýjum verði bætt við, myndvefnaðarskor og nýlistaskor.

Staða myndvefnaðar var nokkuð á reiki innan skóla og utan fyrir meir. Með hinni miklu endurvakningu, sem átt hefur sér stað síðustu áratuginu í myndvefnaði í heiminum, hefur myndvefnaður tekið sér sess með svonefndum frjálsum listum, en fjarlægst nytjalistir. Því þótti sjálfsagt að ætla myndvefnaði stað í myndlistadeild.

Síðustu ár og áratugi hafa myndlistamenn sífellt verið að taka í þjónustu sína fjölbreyttari tjáningarform og efni, sem falla utan hinna hefðbundnu greina myndlistar. Af þeim sökum þótti einsýnt að tillit yrði að taka til þessarar þróunar, þegar móta skal framtíðarstefnu myndlistarskóla. Því er lagt til, að svonefnd nýlistaskor verði sett á laggirnar við M. H. Í. til þess að mæta þeim þörfum er hér var lýst.

Innan M. H. Í. eru nú starfandi þrjár skorir í listiðnaði, auglýsingaskor, keramikskor og textilskor. Eins og segir hér að framan, er það brýn nauðsyn íslenskum iðnaði að hann fái sem fyrst hæft listiðna- og iðnhönnunarfólk til starfa. Því er lagt til að sem fyrst verði sett á fót kennsla í þeim greinum er telja verður að mest þörf sé fyrir. Er þá sérstaklega haft í huga fata- og húsgagnahönnun. Engu að síður verður þörf fyrir kennslu í listmálmsmið hvers konar, leikmyndateiknun, listrænni ljósmyndagerð og iðnhönnun í náinni framtíð.

Listfræðsla í formi námskeiða fyrir unga og aldna hefur verið fyrir hendi frá stofnun M. H. Í. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum í þeim efnum. Sú fræðsla hefur þegar unnið sér góða hefð. Hins vegar hefur M. H. Í. að mestu vanrækt svo-kallaða endurmenntun eða viðbótarmenntun þeirra er lokið hafa námi við skólann. Því er lagt til í 6. gr., að sá þáttur verði tekinn á dagskrá M. H. Í.

Í 7. gr. er kveðið á um námstíma og er það helsta nýjung hér að námið í myndlist- og listiðnadeildum lengist frá því sem nú er úr tveimur árum í þrjú. Síðan er gert ráð fyrir að nemandi ráði því sjálfur hvort hann tekur fjórða árið eða ekki og myndi nám hans verða með öðrum hætti á fjórða árinu, hann ynni meira sjálfstætt. Hér er haft í huga, að enn sem komið er og í nánustu framtíð, er vert að hvetja nemendur M. H. Í. til framhaldsnáms erlendis. Í 7. gr. er einnig sett inn heimildarákvæði um að myndmenntadeild geti annast kennslu í sérgreinum myndmennta fyrir nemendur K. H. Í. Meðan yfirstjórn menntamála hefur ekki að fullu skorið úr því hvort myndmenntakennsla fyrir kennaraefni grunnskóla eigi að fara fram í M. H. Í. eða K. H. Í. með hliðsjón af því að enn sem komið er hefur K. H. Í. ekkert húsnæði fyrir myndmenntakennsluna, þykir rétt að veita M. H. Í. þessa heimild þangað til línur skýrast í þessu máli.

Í 8. og 10. gr. er gert ráð fyrir að hinar einstöku skorir eigi sér sameiginleg námsferli. Reynslan hefur sýnt að þetta er mögulegt og gagnlegt. Húsnæði og kennslukraftur nýtist betur og nemendur hinna einstöku skora kynnast nánar. Það gerir þeim og ljósar að myndlistir eru af sameiginlegri rót.

Um kennslugreinar í hinum ýmsu skorum er það að segja að val þeirra er byggt á fenginni reynslu, einnig hefur verið tekið tillit til óska sérgreinakennara.

Um magn hinna ýmsu námsgreina er verra að kveða á um í lögum, sem gilda eiga til langs tíma. Því er talið heppilegra að kveðið verði á um það í reglugerð. Alltaf er von á nýjungum í myndlist og listiðn eins og öðrum menningargreinum. Því er sá varnagli sleginn í 17. gr. að fjölga eða fækka megi í kennslugreinum.

Inntaka nemenda.

Hér er gert ráð fyrir að meginhluti nemenda, sem í M. H. Í. sækja, hafi lokið aðfararnámi í myndlist í hinum samræmda framhaldsskóla og sett verði í reglugerð ákvæði um þær lágmarkskröfur er M. H. Í. gerir til nemenda sinna við upphaf náms.

Á meðan framhaldsskólinn getur ekki að fullu sinnt skyldum sínum er gert ráð fyrir eins og áður segir að M. H. Í. reki undirbúningsdeild er komi í stað myndlistabrautar framhaldsskólans. Engu að síður er talið æskilegt að nemendur, sem í undirbúningsdeild koma, hafi lokið almennu námi í framhaldsskólanum.

Reynslan sýnir að sumir eru nokkuð seinir að átta sig á því hvort þeir hyggi á nám í myndlist og listiðnum. Dæmi eru um það á undanförunum árum, að menn hafi komið til náms í M. H. Í. hátt á fertugsaldri. Þriðji liður 19. gr. er miðaður við slík undantekningartilfelli og önnur, sem upp kunna að koma.

Um inntöku í myndmenntadeild er kveðið á um í 4. lið 19. gr. Þar er gert ráð fyrir að leiðir inn í deildina séu tvenns konar. Annars vegar frá K. H. Í. og hins vegar frá M. H. Í. Þeir sem lokið hafa námi í K. H. Í. með valgreininni mynd- og handmennt er hér gefinn kostur á viðbótarnámi í eitt ár og fá þar með réttindi til að kenna myndmenntir á framhaldsskólastigi. Í annan stað er gert ráð fyrir að nemendur, sem lokið hafa þriggja ára námi við M. H. Í. í myndlist eða listiðn, geti einnig öðlast þessi réttindi að því tilskildu að þeir hafi lokið uppeldisskor við K. H. Í. Sú er og megin stefna með þessu ákvæði að þeir sem frá K. H. Í. koma leggi aðal áherslu á myndlist í námi sínu en þeir, er frá M. H. Í. koma, leggi aðaláherslu á uppeldisfræði.

Stjórn skólans.

Eitt af nýmælum þessa frumvarps kemur fram í 21. gr. Gert er ráð fyrir að skólastjóri sé einungis skipaður til fjögurra ára í senn og að fengnum tillögum skólaráðs. Þó skal heimilt að skipa skólastjóra fjögur ár í viðbót ef því er að skipta.

Um stjórn skólans er að öðru leyti höfð hliðsjón af lögum K. H. Í. og skýra lagagreinarnar sig að öðru leyti sjálfar. Sama er að segja um 23., 24., 25. og 26. gr.

Nýjung er það í þessum lögum að gert er ráð fyrir að skipaðir séu fleiri starfsmenn við M. H. Í. en verið hefur, þ. e. a. s. aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, námsráðunautur og félagsráðunautur. Skólinn hefur stækkað það mikið undanfarin ár, að brýna nauðsyn ber til þess að skipa í þau embætti er hér er gert ráð fyrir. Kostnaðarauki ætti þó ekki að verða ýkja mikill þar sem starfsmenn þessir munu verða úr hópi kennara og þeir sinna kennslu eftir sem áður.

Nemendaráð.

Það er í samræmi við kröfur tímans að við M. H. Í. starfi nemendaráð sem taki að hluta til ábyrgð á stjórn skólans og daglegu starfi hans. Þetta er nýjung frá því sem verið hefur.

Kostnaður.

I.

Í núgildandi lögum M. H. Í. nr. 38, 1965, er kveðið á um að Reykjavíkurborg beri að hluta til kostnað við rekstur skólans á móti ríki. Árið 1977 var hlutur ríkisins 31.6 milljónir eða 64.4%, en hlutur borgarinnar 17.4 milljónir eða 31.6%. Samkvæmt núgildandi venju greiðir ríkissjóður hins vegar allan kostnað af rekstri háskóla og flestra framhaldsskóla. Því þykir nefndinni rétt að leggja til að sá háttur verði á hafður um M. H. Í. í framtíðinni.

II.

Eins og 27. gr. frumvarpsins ber með sér er gert ráð fyrir að starfslið M. H. Í. verði aukið í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegum skólum. Hér er einkum um að ræða aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra og ráðunauta. Þess ber þó að gæta að hér er ekki um fullar stöður að ræða heldur er áætlað, eins og í öðrum skólum, að þeir kennarar sem fyrir eru gegni þessum stöðum að hluta til.

III.

Enda þótt að því sé stefnt í frumvarpinu að lengja sérnámskennsluna um eitt til tvö ár, ætti það ekki að hafa mikinn aukakostnað í för með sér, þar sem gert er ráð fyrir að forskólinn, sem nú er og hefur tekið tvö ár, falli smátt og smátt niður. M. H. Í. hefur verið fjögurra ára skóli og verður það áfram.


IV.

Þörf er á að myndmenntadeildin taki strax til starfa. Stofninn að þessari deild er raunar fyrir hendi við M. H. Í., þar sem er teiknikennaradeild hans. Engu að síður er nauðsyn á því að auka kennaralið hennar, tækjakost og húsrými til þess að hún geti í senn sinnt þjónustu við K. H. Í. og veitt menntun þeim kennurum er ætla sér að kenna myndmenntir við framhaldsskólann.

Nemendafjöldi einstakra deilda og skólans alls á tímabilinu 1962—77.

	1962-3	1963-4	1964-5	1965-6	1966-7	1967-8	1968-9	1969-70	1970-71	1971-72	1972-73	1973-74	1974-75	1975-76	1976-77
Forskóli I	22	17	23	17	23	34	35	29	27	29	31	44	45	47	51
Forskóli II	12	12	13	16	14	15	26	27	23	20	22	29	38	39	39
Myndlistadeild	5	3	2	4	3	2	1	3	1	6	9	13	17	23	28
Teiknikennaradeild	4	3	4	12	8	11	12	23	23	19	18	18	18	22	22
Vefnaðarkennaradeild	8	7	3	6	7	9	5	3	4	4	4	5	1	3	3
Auglýsingadeild	8	7	3		7	12	10	9	11	9	7	4	7	12	6
Keramíkdeild							3	3	5	4	4	5	6	9	7
Textíldéild								4	4	8	4	3	5	3	6
Dagdeildir alls	47	50	48	55	62	84	89	97	98	99	99	121	137	158	162
Námskeið	192	214	185	195	220	212	306	307	294	372	542	563	526	538	504
Skólinn alls	239	264	233	240	282	296	395	404	392	471	641	684	663	696	666

Fjöldi nemenda sem sótt hafa um inngöngu og þeirra sem hafa verið teknir á árabílinu 1962—77.



Aðfararnám nemenda í M. H. Í. 1963—77.

	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Framhaldsdeild gagnfræðaskóla															
Gagnfræðaskóli	8	9	6	13	20	14	15	14	11	2	2	25	4	7	3
Miðskóli	1	1	1	2	2	1	1	1	1	13	7	1	16	18	17
Landspróf	2	4	2	2	2	2	4	1	5	3	1	2	2	1	
Menntaskóli	1	1	1	1	1	1	1	1	3	1	4	3	2	8	10
Stúdent	1	1	1	2	1	1	4	4	3	3	5	8	7	6	4
Kenntaskóli					1	1	3	3	1	1	4	1	1	8	10
Iónskóli	1		1	1		1		1	1	1	1	2	4	2	3
Háskóli								1	1	1				1	1
Hjúkrunarskóli										1	2			1	1
Verslunarskóli					1	1				1	2		2	1	1
Kvennaskóli									2	1	2			1	1
Íþróttaskóli									1						
Húsmæðraskóli		1		1									1		
Tónlistarskóli															
Dausskóli							1								
Barnaskóli					2										
Útlendingur	1								3	1	4		3		2
Óvíst	3	7	5	1	4	11	2	1	3	1	1		1		
Alls	17	23	17	23	34	35	29	27	29	28	33	42	50	54	52

Meðalaldur nemenda í M. H. Í. við inngöngu í forskólann á árunum 1962—77.

Ár	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Aldur	19 ár	19 ár	20 ár	20 ár	19 ár	18 ár	19 ár	19 ár	20 ár	19 ár	20 ár	21 ár	20 ár	20 ár	21 ár	21 ár